



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 578

Stella Árnadóttir
(1931-2007)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 578

Stella Árnadóttir

Formáli

Stella Árnadóttir fæddist í Reykjavík 26. júní 1931. Foreldrar Stellu voru Árni Pálsson bifreiðastjóri frá Reynifelli á Rangárvöllum, fæddur 1893 og Ingibjörg Sveinsdóttir frá Felli í Biskupstungum, fædd 1902.

Stella ólst upp í Reykjavík og lauk gagnfræðaprófi frá Ingimarsskóla. Hún starfaði lengi við verslunarstörf í ýmsum verslunum, lengi í Skóbúð Lárusar G. Lúðvíkssonar og síðar í verslunum Kron og í Domus við Laugaveg. Árið 1980 lauk hún prófi frá Sjúkraliðaskóla Íslands og starfaði eftir það á ýmsum deildum Borgarspítala og Landspítala og síðar á geðdeild Landspítalans uns hún lét af störfum í árslok 2001.

Árið 1948 giftist Stella, Böðvari Jónssyni málara fæddum 1925. Þau eignuðust þrjá syni, þeir eru Jón Einar fæddur 1949, Björn fæddur 1950, og Árni fæddur 1963. Stella lést 19. júní 2007.

Afhending: Jón E. Böðvarsson, 19. nóvember 2015, sonur Stellu Árnadóttur
Innihald: Bréf, ljósmyndir o.fl., ásamt skjalaskrá Jóns E. Böðvarssonar
Tími: 1899-2008

Skjalaskrá

Askja 1

Sjá nánar um bréfasafnið í skjalaskrá Jóns E. Böðvarssonar

Örk 1

Bréf og kort til Stellu frá Elínu Jenssen 1946-2001.

Bréf til Stellu frá Elínu og Sigríði systrum Stellu 1941.

Bréf til Stellu frá Gísla Vigfússyni 1978, frá Sigrúnu Sigmarsdóttur 1984, frá Giesa Elísdóttur 1984 og Guðjóni Ólasyni 2000.

Bréf og kort til Stellu frá Bjarne Jenssen 1946 og 1988 og kort frá Sigron Jenssen 1975, 1989, 1993-1995, kort frá Ingar Jenssen 1984 og kort frá Elínu Jenssen 1987.

Örk 2

Bréf frá Stellu til móður sinnar Ingibjargar 1945, 1946, 1953, 1954, 1956 og 1959.

Bréf frá móður Stellu, Ingibjörgu Sveinsdóttur til föður Stellu 1925 og frá föður Stellu, Árna Pálssyni til Ingibjargar 1927.

Bréf til Ingibjargar Sveinsdóttur frá ýmsum bréfiturum 1920-1929.

Bréf Sveins Erlendssonar til Sigrúnar Vigfúsdóttur 1899, 1900, 1901 og 1905.

Bréf frá Guðríði Sveinsdóttur til Sigrúnar Vigfúsdóttur 1931 og líkræða yfir Guðríði Sveinsdóttur 1915. Samúðarkort og þakkarkort 1991, 1997, 1998 og 2001.
Fæðingavottorð Ingibjargar Sveinsdóttur gefið út 8. desember 1958 í Reykjavík og vegabréf Ingibjargar 1941.
Fermingakort 1945, boðskort, kort 1967 og 1981-2010. Símskeyti á fimmtíu ára afmæli Stellu 1981.

Örk 3

Prófeinkunnir Stellu 1942, 1943 og 1944.
Bólusetningarvottorð 1942 og 1945
Sundskírteini 1945.
Skírteini Stellu um fullnaðarpróf 1945.
Einkunnarbók Stellu úr Gagnfræðaskólanum í Reykjavík 1945-1948.
Autografs, eiginhandaráritanir skólasystkina 1945.
Fæðingar- og skírnarvottorð Stellu 1948.
Leyfisbréf til hjónavígslu 1948.
Hjónavígslubréf 1948.
Prófskírteini Stellu frá Námsflokki Reykjavíkur 1964, 1968 og 1979.
Prófskírteini Stellu úr Sjúkraliðaskóla Íslands 1980 og leyfisbréf til að kalla sig sjúkraliða.
Reyklaus Reykjalundur, viðurkenningarskjal 1998 og 2000.
Afsláttarkort frá Tryggingastofnun ríkisins 2006.
Hjúskaparvottorð frá Þjóðskrá 2007.
Vegabréf 1980, 1996 og 2008.
Ökuskírteini 2006.
Dánarvottorð Stellu 2007.
Heilsufarsbók Árna Böðvarssonar 1963 og 1964.

Sjá nánar um ljósmyndir í skjalaskrá Jóns E. Böðvarssonar
Ljósmyndaalbúm án árs.
Ljósmyndir frá 1942-1945.

Skráð í desember 2015,
Jakobína Sveinsdóttir